7. <u>Óheppilegt uppeldi.</u>

1 blað merkt: Runki í Rauðhólum.

Hr. blaðamaður Vilhjálmur S. Vilhjálmsson

Brávallagötu 50.

C/o. Alþýðublaðið. Reykjavík

7. <u>Óheppilegt uppeldi.</u>

1 blað merkt: Runki í Rauðhólum.

# Óheppilegt uppeldi.

Það er venjulegt mjög, þótt menn leiti sér lækninga jafnvel hjá sæmilega góðum læknum, að sjúklingunum batnar ekki, heldur versnar æ því meir sem lengur er þjösnað við hann með meðölum og öðrum aðgerðum. Þá er það og eigi sjaldgæft, að fénaði; einkum útigangskindum verður því minna gagn að góðu fóðri, sem meira er notað í það; þeim bara versnar, verða æ því óræktarlegri sem lengur líður og dragast upp. Hitt er z.b.v. óvenjulegra, að unglingar, sem ganga á skóla eða kennast undir hendur einhvers kennara, skuli versna við það, og því meira sem í þá er troðið af þekkingu og viti. En þó annaðhvort um það að ræða, að kennarinn er ekki laginn á að segja til, eða svo illa að sér í fræðunum eða þrjóskleiki vegna skapsmuna sinna, illa innrættur eða öðrum ókunnandi göllum, að árangurinn verður neikvæður með öðru: lærlingunum versnar. Eða svo getur hann verið svo illur viðureignar, óstýrilátur og þvermóðskufullur, að engu tauti verði við hann komið; honum versnar.

Dæmin sýna, að einhverju þessu eða öllu, á báðar síður hefir verið til að dreifa með margra ára kennslutilraunir hins þinglærðlega manns við „Sigga sinn", að honum virðist hafa versnað. Enn og þetta var þó auðvelt barn og elskulegur unglingur kennara sínum, sem aðrir, því hann gat att honum út í hvert foraðið af öðru, látið hann sinna fyrir sig hverju skítverki sem var og komið honum að, sem varamanni sínum í virðingarmikilli hefðarstöðu, en nú lítur út fyrir, eftir því sem kennarinn segir sjálfur, að hann hafi hundversnað við allt tilstandið með hann; hann sé orðinn svo þj... baldinn og bölvaður við að eiga nú upp við Kastið, að hann komi engu tauti við hann, því enn hafi sér eigi tekist að ná úr honum gráðfangaglamurs vottu, lönguninni til þess að ná sér í aura. Þetta er ósamboðlegur árangur, sem sýnir, að kennarinn hefir litla „lukku" – ekki svo mikið sem „þinglukku" – í uppeldi hans og sannast hér sem oftar, að „sjaldan launar kálfur ofeldið", enda er talið að drengnum hafi „versnað".

En m.a.o.: Hafa þeir ekki allir versnað, sem komist hafa í tæri við þennan óútreiknanlega kennara sinn? Batnað hafa þeir ekki!

Kunki í Kaudhólum.